

FORSPIL

Ég minnst þín

írskt þjóðlag / Ásmundur Jónsson

Ég minnst þín um daga og dimmar nætur.
Mig dreymir þig, svo lengi hjartað slær.
Og meðan húmið hylur allt sem grætur,
mín hugarrós á leiði þínu grær.
Þín kærleiksbros, þau aldrei, aldrei gleymast.
Þitt allt, þitt bænarmál og hvarms þíns tár.
Hvert bros, hvert orð, hvert armtak þitt skal geymast.
Þín ástarminning græðir lífs míns sár.

Ein friðarstjarna á fagurhimni glitrar,
eitt friðarblys í söllum uppheims skín.
Það veitir sælu og ró, er tárið titrar,
á tæru auga draums við náðarlín.
Þín ljúfa minning lifir mér í hjarta,
og ljóma slær á ævi minnar braut.
Ég á þig enn, svo fagra, blíða og hjarta,
og bið sem fyrr við töfra þinna skaut.

Við ölduhljóm og óð frá unnarsölum,
í aftankyrð ég tæmi harmsins skál.
Á meðan söngfugl sefur innst í dölum,
mér svaslar hafsins þunga tregamál.
Úr heimsins fjarlægð aldnir berast ómar,
það allt sem var, er enn og verður til.
Svo lengi skapa eldsins ljóshaf ljómar,
er lífið allt ein heild með þáttaskil.

Sofðu rótt engillinn minn
Þín mamma

BÆN

Rómeó og Júlía

Bubbi Morthens

Uppi í risinu sérðu lítið ljós
Heit hjörtu, fölnuð rós
Matarleifar, bogin skeið
Undan oddinum samviskan sveið

Þau trúðu á draumamyrkrið svalt
Draumarnir tilbáðu þau
Fingurnir gældu við stálið kalt
Lífsvökvann dælan saug

Draumarnir langir runnu í eitt
Dofin þau fylgdu með
Sprautan varð lífið, með henni gátu breytt
Því sem átti eftir að ske

Uppi í risinu lágu og ófu sinn vef
Óttann þræddu upp á þráð
Ekkert gat skeð því það var ekkert ef
Ef vel var að gáð

Hittust á laun, léku í friði og ró
Í skugganum sat Talía
Hvítir hestar drógu vagninn með Rómeó
Við hlið hans sat Júlía



Kveðja frá Hjalla

RITNINGARLESTUR

Nú kemur vorið

Birni Dam/Sigurður Óskar Pálsson

Nú kemur vorið sunnan að
og sólin bræðir ís.
Við sendna strönd í fjarðarbotni
lítill alda ris.
Og hvíslar: Það er langt síðan ég
lagði af stað til þín,
nú loks ég finn að komin er ég,
komin heim til mín.

Úr draumi frá í vetur enn ég
þekki þessa strönd.
Nei þannig fengu ei heillað suðræn
ævintýralönd.

Ó strönd míns land, mig dreymdi að ég
deyja ætti hér.
Minn draumur rætist því nú hníg ég
ein að brjosti þér.



Þinn bróðir Alli

GUÐSPJALL

Þar til storminn hefur lægt

Hollenskt lag/Sævar Sigurgeirsson,

Er held ég út á veginn
mín hugsun ein er sú:
í sætinu við hlið mér
þar situr engin þú.

Hve vont það er að vakna
og hve veröldin er aum.
Ég sit hér ein/n og sakna
og syrgi gamlan draum.

Úúú,
Skýin virðast sár,
af himnum falla tár,
þar til að storminn hefur lægt.

Á veginum er bleyta,
vatn í augum mér.
Regn mun engu breyta
þótt rigni eins hjá þér.

Ég gæti beðið forláts
en mér finnst það blekking stór.
En vort er betra að vera
eða vera sá sem fór?

Úúú
Skýin virðast sár,
af himnum falla tár,
þar til að storminn hefur lægt.



Á þig og elska að eilífu
Þín lilla Siss og mágur

MINNINGARORÐ

Leiðin okkar allra

Þorsteinn Einarsson/Einar Georg Einarsson

Ég ætla mér, út að halda
Örlögin valda því.
Mörgum á ég, greiða að gjalda
Það er gömul saga og ný.

Guð einn veit, hvert leið mín liggur
Lífið svo flókið er.
Oft ég er, í hjarta hryggur
En ég harka samt af mér.

Eitt lítið knús, elsku mamma
Áður en ég fer.
Nú er ég kominn til að kveðja
Ég kem aldrei framar hér.

Er mánaljosið, fegrar fjöllin
Ég feta veginn minn.
Dyrnar opnar draumahöllin
Og dregur mig þar inn

Ég þakkir sendi, sendi öllum
Þetta er kveðja mín
Ég mun ganga á þessum vegi
Uns lífsins dagur dvín
Ég mun ganga á þessum vegi
Uns lífsins dagur dvín



Góð nótt, Guð geymi þig, Sofðu rótt í alla nótt, Ég á þig og elska þig
Sylvia, Alexander og Gabriel

BÆN - FAÐIR VOR

Ljós ljós

Mugison/Ejallabráður

Í þér fann ég ró
og brotsjó
þú varst litrófið allt
heitt og kalt
Já huggun
þegar allt er orðið svart
ljósa ljósa ljós

Í þér fann ég fri
og sóttkví
Já hjartað brothætt
og ósjálfstætt
en huggun
að elska þig, svo dýrmætt
ljósa ljós ljósa ljósa ljós

Að hugsa til þín
það gerir mér gott
ég finn styrk í því
þó þú sért farinn á brott

Í þér fann ég mig
og sýrustig
gróf frammiköll
og hlátrasköll
Já huggun
að eiga þig... lukkutróll
Ljósa ljósa ljós

Í þér fann ég rós
og heimsljós
þú skilur eftir sár
og tregafull tár
en huggun
að hafa átt með þér nokkur ár
Ljósa ljós - ljósa ljósa - ljósa ljós ljósa ljósa ljós

Að hugsa til þín
það gerir mér gott ég finn styrk í því
þó þú sért farinn á brott ljós ljós ljósa ljós



Elska þig alltaf og meira en mest
Guðbjörg

Heim

Magni Ásgeirsson

Þessi fjörður hann fóstaði mig,
Og fékk mér kennt að meta sig.
Heiðursvörðin fjöll, um hann stand' og tröll
Ég er kominn heim

Margra ætliða æfi spor,
um hann liggja og vitna um þor.
Forfeðranna slóð, við fetum saman hljóð,
Ég er kominn heim

Lofa aldrei að gleyma,
Öllu því sem að þú kenndir mér.
Oft er hugurinn heima,
Hjarta mitt slær – með þér

Í æsku minnar minninga bók,
myndirnar nær allar ég tók.
Þær gefa innri frið, og geta lifnað við,
Ég er kominn heim


Lofa aldrei að gleyma,
Öllu því sem að þú kenndir mér.
Oft er hugurinn heima,
Hjarta mitt slær – með þér

Þungan taktinn, tíminn víst slær,
og tárin sem hér runnu í gær.
Eru orðin ský, aftur og enn á ný,
núna kem...

Lofa aldrei að gleyma,
Öllu því sem að þú kenndir mér.
Oft er hugurinn heima,
Og hjartað slær

Lofa aldrei að gleyma,
Öllu því sem að þú kenndir mér.
Oft er hugurinn heima,
Og hjarta mitt slær
Með þér
með þér

*Sofðu rótt engillinn minn
þinn pabbi*



BLESSUN



EFTIRSPIL

Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið liður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur með blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Fundið stað, sameinað tveggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið liður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það nærir hér og nístir mig.



Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug.

Prestur: Sr. Guðmundur Örn Jónsson



Þórína Baldursdóttir

Fædd 19. ágúst 1970
Dáin 3. janúar 2022



Útför frá Landakirkju
laugardaginn 22. janúar 2022